

REGLUGERÐ

um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að draga úr losun tiltekinnar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og stuðla að öruggri meðhöndlun þeirra með tilliti til verndunar umhverfisins.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um takmörkun á losun, notkun og meðhöndlun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda ásamt lekaleit, skráningu, setningu þeirra á markað og merkingar. Reglugerðin gildir einnig um menntun og hæfni starfsmanna sem meðhöndla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ásamt kröfum um þjálfun og vottun starfsmanna og fyrirtækja.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir: Vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF₆) sem eru tilgreind í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, sbr. 11. gr., og efnablöndur, sem innihalda þessi efni, að undanskildum efnum sem falla undir reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eru einnig nefndar flúraðar eða flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir.

Vetnisflúorkolefni: Lífrænt efnasamband úr kolefni, vetni og flúor, þar sem sameindin er úr sex kolefnisfrumeindum eða færri.

Perflúorkolefni: Lífrænt efnasamband, eingöngu úr kolefni og flúor, þar sem sameindin er úr sex kolefnisfrumeindum eða færri.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber raunverulega, tæknilega ábyrgð á þeim búnaði og þeim kerfum sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar og gerða Evrópusambandsins sem innleiddar eru með henni, eða ef sá aðili finnst ekki, eigandi viðkomandi búnaðar og kerfa. Rekstraraðili er einnig nefndur stjórnandi.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili sem þjónustar þann búnað og þau kerfi sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar og gerða Evrópusambandsins sem innleiddar eru með henni.

Fyrirtæki: Rekstraraðili og/eða þjónustuaðili.

Notkun: Nýting flúoraðra gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu, áfyllingu, þjónustu eða viðhald vara og búnaðar sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar og gerða Evrópusambandsins sem innleiddar eru með henni.

Setning á markað: Það að sjá þriðja aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins, gegn greiðslu eða án hennar, í fyrsta sinn fyrir vörum og búnaði sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða vörum og búnaði sem krefjast slíkra lofttegunda, þ.m.t. innflutningur á slíkri vöru og búnaði á Evrópska efnahagssvæðið.

4. gr.

Skráning á innflutningi og sölu – innra eftirlit.

Innflytjendur og söluaðilar skulu halda skrá yfir allan innflutning og sölu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og vara sem innihalda slíkar lofttegundir hér á landi. Innflytjendur og söluaðilar skulu senda upplýsingar um innflutning og sölu hér á landi fyrir undangengið almanaksár til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

5. gr.

Skilyrði fyrir afhendingu.

Óheimilt er að afhenda rekstraraðilum flúoraðar gróðurhúsalofttegundir nema viðkomandi starfsmenn þeirra hafi hlotið vottun, sbr. 7. gr.

6. gr.

Merkingar vara og búnaðar.

Óheimilt er að flytja, setja á markað eða afhenda vöru og búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, nema á vörunni og búnaðinum sé merkiskilti með viðurkenndum iðnaðarheitum, innihaldslýsingu og varnaðarorðum. Merkingar skulu vera á íslensku.

7. gr.

Menntun og faggilding starfsmanna.

Starfsmönnum er eingöngu heimilt að annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna staðbundinna kæli- og varmadælukerfa, loftkælinga, staðbundinna slökkvikerfa, spenna með hárrí rafspennu, leysiefna eða loftkælinga í vélknúnum ökutækjum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, hafi þeir hlotið faggildingu um að þeir uppfylli viðeigandi menntunarkröfur samkvæmt I. – V. viðauka við reglugerð þessa.

Faggilding samkvæmt þessari grein er framkvæmd af skoðunarstofu sem hefur verið faggilt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu í samræmi við lög nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. Skoðunarstofa gefur út vottorð um faggildingu starfsmanna. Vottorðið skal gilda í fjögur ár en framlengist um önnur fjögur ár hafi viðkomandi starfsmaður sannanlega unnið við umrædd kerfi. Vottorð skal gefið út á íslensku og ensku. Í vottorði skal koma fram með skýrum hætti að starfsmaður fullnægi kröfum viðeigandi reglugerðar Evrópusambandsins, sbr. 11. gr. Skoðunarstofa skal halda skrá yfir faggilta einstaklinga og jafnframt senda upplýsingar um útgefin vottorð til Umhverfisstofnunar fyrir undangengið almanaksár fyrir 1. mars ár hvert. Umhverfisstofnun heldur skrá yfir starfsmenn sem hlotið hafa faggildingu. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

Faggilding sem veitt hefur verið í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna starfsmanna sem annast verkefni sem getið er um í 1. mgr. skal teljast jafngild faggildingu skv. 2. mgr. Umhverfisstofnun getur þó gert að skilyrði að viðkomandi skili inn afriti af prófskírteini, ásamt þýðingum unnum af löggiltum skjalabýðendum eða öðrum aðilum sem stjórnvöld viðurkenna. Þýðingar mega vera á ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.

8. gr.

Vottun fyrirtækja.

Fyrirtækjum er eingöngu heimilt að annast uppsetningu staðbundinna kæli- og varmadælukerfa, loftkælinga, staðbundinna slökkvikerfa, spenna með hárrí rafspennu, leysiefna eða loftkælinga í vélknúnum ökutækjum, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eða viðhald eða þjónustu slíks búnaðar eða kerfa, hafi þau hlotið vottun um að þau uppfylli viðeigandi kröfur samkvæmt I. – II. viðauka og að starfsmenn þeirra hafi tilskilin réttindi.

Vottun samkvæmt þessari grein er framkvæmd af skoðunarstofu sem hefur verið faggilt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu í samræmi við lög nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. Skoðunarstofa gefur út vottorð um vottun fyrirtækja. Vottorðið skal gilda í fjögur ár en hafi viðkomandi fyrirtæki sannanlega unnið við umrædd kerfi framlengist vottorðið um önnur fjögur ár. Vottorðið skal gefið út á íslensku og ensku. Í vottorði skal koma fram með skýrum hætti að fyrirtæki fullnægi kröfum viðeigandi reglugerðar Evrópusambandsins, sbr. 11. gr. Skoðunarstofa skal halda skrá yfir fyrirtæki sem hlotið hafa vottun og jafnframt senda upplýsingar um útgefin vottorð til Umhverfisstofnunar fyrir undangengið almanaksár fyrir 1. mars ár hvert. Umhverfisstofnun heldur skrá yfir fyrirtæki sem hlotið hafa vottun. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

Vottun sem framkvæmd hefur verið í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins vegna fyrirtækja sem annast verkefni sem getið er í 1. mgr. skal teljast jafngild faggildingu skv. 2. mgr. Umhverfisstofnun getur þó gert að skilyrði að viðkomandi skili inn afriti af prófskírteini, ásamt

Þýðingum unnum af löggiltum skjalapýðendum eða öðrum aðilum sem stjórnvöld viðurkenna. Þýðingar mega vera á ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.

9. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

10. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

11. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldir gerðir Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. og XX. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2008. Í samræmi við 1. og 2. gr. ákvörðunarinnar gildir 6. gr. reglugerðarinnar ekki. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/39 bls. 215-225.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tiltekna flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/55 bls. 286-287.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarnarkerfi sem innihalda tiltekna flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/56 bls. 288-289.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 5. febrúar 2010 2010/EES/6/57 bls. 290-292.
- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali I við þessa reglugerð.
- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar föst brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali II við þessa reglugerð.

- g) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali III við þessa reglugerð.
- h) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali IV við þessa reglugerð.
- i) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á námsvottorðum fyrir starfsfólk að því er varðar loftræstikerfi í tilteknum vélknúnum ökutækjum sem innihalda tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali V við þessa reglugerð.
- j) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010. Framangreind reglugerð er birt í fylgiskjali VI við þessa reglugerð.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 230/1998 um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Setning á markað fram til 31. desember 2012.

Fram til 31. desember 2012 er óheimilt að setja á markað hér á landi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og vörur sem innihalda slíkar lofttegundir, með eftirfarandi undantekningum:

1. Vetnisflúorkolefni (HFC):
 - a) í kæli-, og varmadælukerfum, að því gefnu að um sé að ræða loftþétt kerfi sem leiða ekki til beinnar uppgufunar,
 - b) í loftkælingum, að því gefnu að um sé að ræða loftþétt kerfi sem leiða ekki til beinnar uppgufunar, og
 - c) sem drifefni í lyfjum.
2. Brennisteinshexaflúoríð (SF_6) í rofum og rafbúnaði þar sem aðrar lofttegundir eru ónothæfar.

Ef sérstakar aðstæður mæla með getur umhverfisráðherra fram til 31. desember 2012 veitt tímabundnar undanþágur frá 1. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Í umsókn um undanþágu skal gerð grein fyrir fyrirhugaðri notkun efnisins eða vörunnar og hvers vegna ekki sé hægt að nota önnur efni sem eru minna skaðleg umhverfinu.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, sbr. 11. gr. þessarar reglugerðar.

II.

Bráðabirgðavottun starfsmanna og fyrirtækja.

Starfsmönnum og fyrirtækjum sem við gildistöku þessarar reglugerðar starfa við kæli- og varmadælukerfi, loftkælingar, staðbundin slökkvikerfi, spenna með hárrí rafspennu, leysiefni eða loftkælingar í vélknúnum ökutækjum er heimilt að starfa áfram til 4. júlí 2011 þrátt fyrir að hafa ekki hlotið vottun samkvæmt 7. og 8. gr. Heimild þessi gildir eingöngu hér á landi en ekki í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Starfsmenn og fyrirtæki sem framangreint á við um skulu senda umsókn til Umhverfisstofnunar sem gefur út bráðabirgðaskírteini þessu til staðfestingar.

Umhverfisstofnunin, 15. október 2010.

F. h. r.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Kristín Rannveig Snorradóttir.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 303/2008**

frá 2. apríl 2008

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006 er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um hæfi starfsmanna sem annast störf, sem hugsanlega hafa áhrif á leka frá búnaði sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, á stöðum þar sem slíkur búnaður er notaður.
- 2) Flokkar starfsmanna með tilskilin réttindi skulu vera mismunandi til að tryggja að starfsmenn séu hæfir til að annast þá starfsemi sem þeir sinna en jafnframt skal forðast óhóflegan kostnað.
- 3) Starfsmönnum, sem enn hafa ekki fengið vottun en eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð, skal á tilteknu tímabili leyft að annast starfsemi þar sem slíkrar vottunar er þörf, séu þeir undir eftirliti starfsmanna með tilskilin réttindi, til að öðlast þá verklegu færni sem krafist er vegna prófsins.
- 4) Starfsmönnum sem eru hæfir til að annast brösun, lóðun eða logsuðu skal leyft að annast þá sérhæfðu starfsemi í tengslum við eina tegund starfsemi þar sem vottunar er krafist, séu þeir undir eftirliti starfsmanna með tilskilin réttindi.
- 5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ⁽²⁾ eru settar fram tæknilegar kröfur fyrir fyrirtæki sem annast meðhöndlun og geymslu notaðra heimilistækja í

meðhöndlunarstöðvum, m.a. kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaðar. Kröfur um hæfi starfsmanna sem vinna við að endurheimta kælimiðil í slíkum stöðvum eru minni en þær sem gerðar eru til starfsmanna sem sjá um endurheimt á staðnum vegna þeirra gerða sjálfvirks endurnýtingarbúnaðar sem eru til staðar í meðhöndlunarstöðvum fyrir ónýtingu kælikápa.

- 6) Í nokkrum aðildarríkjum eru enn engin hæfismats- eða vottunarkerfi. Starfsmönnum og fyrirtækjum skal því gefinn tiltekinn tími til að afla sér tilskilinna vottorða.
- 7) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslulegri byrði skal vera leyfilegt að búa til vottunarkerfi sem byggist á gildandi hæfismatskerfum svo fremi þekkingin og færnin, sem fjallað er um, og viðeigandi hæfismatskerfi séu jafngild lágmarksstöðlunum sem stefnt er að með þessari reglugerð.
- 8) Próf er árangursrík aðferð til að kanna færni þátttakanda í að vinna á viðeigandi hátt þau störf sem geta beinlínis valdið leka, auk þeirra sem óbeint geta valdið honum.
- 9) Til að starfsmenn, sem eru virkir á þeim sviðum sem þessi reglugerð nær yfir, eigi kost á menntun og vottun án þess að störf þeirra raskist er gerð krafa um nægjanlegt aðlögunartímabil og skal vottunin þá byggjast á gildandi hæfismatskerfi og starfsreynslu.
- 10) Opinberlega tilnefndir mats- og vottunaraðilar skulu tryggja að lágmarkskröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar og stuðla þannig að áhrifaríkri og skilvirkri gagnkvæmri viðurkenningu vottorða í Bandalaginu.
- 11) Gagnkvæm viðurkenning gildir ekki um bráðabirgðavottorð þar eð kröfurnar, sem gerðar eru vegna þeirra, kunna að vera umtalsvert vægari en gildandi kröfur í sumum aðildarríkjanna.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.⁽²⁾ Stjótd. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/108/EB (Stjótd. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106).

12) Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um vottunarkerfið sem stuðst er við þegar vottorð, sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu, eru gefin út á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, ⁽¹⁾. Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um bráðabirgðavottunarkerfi.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um vottunina, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, að því er varðar staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um starfsmenn sem annast eftirfarandi störf:

- lekaeftirlit með búnaði sem inniheldur 3 kg eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og með búnaði sem inniheldur 6 kg eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum með loftþéttum kerfum sem eru merkt sem slík,
- endurheimt,
- uppsetningu,
- viðhald eða þjónustu.

2. Hún gildir einnig um fyrirtæki sem annast eftirfarandi starfsemi:

- uppsetningu,
- viðhald eða þjónustu.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um neina framleiðslu eða viðgerðir sem eiga sér stað á stöðvum framleiðandans á staðbundnum kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „uppsetning“: tenging tveggja eða fleiri hluta búnaðar eða rása sem innihalda eða eru ætluð undir kælimiðil með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í því skyni að setja saman kerfi á staðnum þar sem það verður starfrækt, m.a. tenging kerfisleiðara til að fullgera kælirás án tillits til þess hvort fylla þurfi á kerfið eftir samsetningu,

2. „viðhald eða þjónusta“: öll starfsemi, nema endurheimt og eftirlit með leka eins og skilgreint er, eftir því sem við á, í 14. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, sem felur í sér að rjúfa rásir sem innihalda eða eru hannaðar til að innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, einkum að sjá kerfinu fyrir flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, fjarlægja einn eða fleiri hluta rásar eða búnaðar, setja aftur saman tvo eða fleiri hluta rásar eða búnaðar og gera við leka.

4. gr.

Vottun starfsfólks

1. Starfsmenn sem annast störfin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu hafa vottorð, eins og um getur í 5. eða 6. gr., fyrir viðkomandi flokk eins og fram kemur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Vottorð, þar sem fram kemur að skirteinishafi uppfylli kröfurnar til að mega annast eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu veitt starfsmönnum í eftirfarandi flokkum:

- starfsmönnum með vottorð fyrir I. flokk er heimilt að annast öll þau störf sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr.,
- starfsmönnum með vottorð fyrir II. flokk er heimilt að annast þau störf sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 2. gr. ef þau fela ekki í sér rof á kæliásnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Starfsmönnum með vottorð fyrir II. flokk er heimilt að annast þau störf í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. sem tengjast kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði sem inniheldur minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum eða minna en 6 kg ef um er að ræða búnað með loftþéttum kerfum sem eru merkt sem slík,

⁽¹⁾ Sjá bls. 28 í þessum Stjótið.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjótið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).

c) starfsmönnum með vottorð fyrir III. flokk er heimilt að annast störfín sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 2. gr. í tengslum við kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum eða minna en 6 kg ef um er að ræða búnað með lofþéttum kerfum sem eru merkt sem slík,

d) starfsmönnum með vottorð fyrir IV. flokk er heimilt að annast störfín sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 2. gr. ef þau fela ekki í sér rof á kælrásnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

a) í tvö ár hið mesta fyrir starfsmenn sem annast eina tegund þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., og eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð sem nær yfir viðkomandi starfsemi, svo fremi þeir annast starfsemina undir eftirliti aðila sem hefur vottorð sem nær yfir þessa starfsemi,

b) fyrir starfsmenn sem annast brösun, lóðun eða logsuðu í kerfi eða hluta búnaðar í tengslum við eina tegund þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og eru hæfir, samkvæmt innlendra löggið, til að annast slíka starfsemi, svo fremi þeir séu undir eftirliti aðila með vottorð sem nær yfir viðkomandi starfsemi,

c) fyrir starfsmenn sem annast endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr búnaði, sem fellur undir tilskipun 2002/96/EB og inniheldur minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, á athafnasvæðum sem eru leyfis-skyld í samræmi við 2. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar, svo fremi þeir séu starfsmenn fyrirtækisins sem er handhafi leyfisins og hafi lokið þjálfunarnámskeiði og öðlast lágmarksfærni og -þekkingu sem svarar til III. flokks í viðaukanum við þessa reglugerð, en það skal staðfest með staðfestingu á þekkingu sem handhafi leyfisins gefur út.

4. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki á tímabili sem fer ekki fram yfir þann dag sem er tilgreindur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 fyrir starfsmenn, sem annast eina eða fleiri tegundir starfseminnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar fyrir þann dag sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006.

Á tímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal líta svo á að þeir starfsmenn hafi tilskilin réttindi að því er varðar þá tegund starfsemi í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006.

5. gr.

Starfsmannavottorð

1. Vottunaraðili, sem um getur í 10. gr., skal gefa út vottorð til starfsmanna sem hafa staðist bóklegt og verklegt próf í viðkomandi flokki og skal prófið hafa verið skipulagt af matsaðila, sem um getur í 11. gr., og ná yfir lágmarksfærni og -þekkinguna sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. Á vottorðinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn vottorðshafans, vottorðs-númer og lokadagur gildistíma, ef við á,

b) flokkur vottunar starfsmanna, sem tilgreindur er í 2. mgr. 4. gr., og tengd starfsemi sem vottorðshafinn hefur heimild til að annast,

c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

3. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, nær yfir lágmarksfærni og þekkinguna, sem sett er fram í viðaukanum, í tilteknum flokki og uppfyllir kröfurnar í 10. og 11. gr. en tilheyrandi staðfesting inniheldur ekki þættina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar er vottunaraðila, sem um getur í 10. gr., heimilt að gefa út vottorð til aðila sem hefur til þess hæfi í tilheyrandi flokki án þess að hann þurfi að endurtaka próf.

4. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, uppfyllir kröfurnar í 10. og 11. gr. og nær að hluta til yfir lágmarksfærni í tilteknum flokki, sem sett er fram í viðaukanum, er vottunaraðilum heimilt að gefa út vottorð fyrir viðkomandi flokk, svo fremi umsækjandinn standist viðbótarpróf á vegum matsaðilans, sem um getur í 11. gr., í þeirri færni og þekkingu sem gildandi vottun nær ekki yfir.

6. gr.

Bráðabirgðavottorð til starfsmanna

1. Aðildarríkjum er heimilt að nota bráðabirgðavottunarkerfi fyrir starfsmenn, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., í samræmi við 2. eða 3. mgr. eða 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Bráðabirgðavottorðin, sem um getur í 2. og 3. mgr., falla úr gildi eigi síðar en 4. júlí 2011.

2. Starfsmenn með staðfestingu, sem gefin er út samkvæmt gildandi hæfismatskerfum fyrir starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu teljast handhafar bráðabirgðavottorðs.

Aðildarríkin skulu tilgreina þær staðfestingar sem teljast bráðabirgðavottorð fyrir samsvarandi flokk, sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

3. Aðili, sem aðildarríkið tilgreinir, skal gefa út bráðabirgðavottorð til starfsmanna með reynslu af störfum tengda starfsemi sem svarar til flokkanna, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., hafi þeir öðlast reynsluna fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Á bráðabirgðavottorðinu skulu flokkurinn, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., og lokadagur gildistíma vera tilgreindir.

9. gr.

7. gr.

Vottun fyrirtækja

1. Fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu hafa vottorð eins og um getur í 8. eða 9. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki á tímabili sem fer ekki fram yfir dagsetninguna, sem um getur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, fyrir fyrirtæki sem taka þátt í einni eða fleiri tegundum starfseminnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006.

8. gr.

Fyrirtækjavottorð

1. Vottunaraðili, sem um getur í 10. gr., skal gefa út vottorð til fyrirtækis vegna einnar eða fleiri tegunda þeirrar starfsemi sem um getur í 2. mgr. 2. gr., uppfylli það eftirfarandi kröfur:

- a) nægilega margir starfsmenn hafa verið vottaðir í samræmi við 5. gr., að því er varðar starfsemina þar sem vottunar er krafist, til að þeir geti annast starfsemina í því umfangi sem vænst er,
- b) unnt er að sannreyna að starfsmenn, sem sinna starfsemi þar sem vottunar er krafist, hafi aðgang að nauðsynlegum búnaði og verklagsreglum.

2. Á vottorðinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn vottorðshafans, vottorðsnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,
- b) starfsemin sem vottorðshafinn hefur heimild til að sinna,
- c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

Bráðabirgðavottorð til fyrirtækja

1. Aðildarríkjunum er heimilt að nota bráðabirgðavottunarkerfi fyrir fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., í samræmi við 2. eða 3. mgr. eða 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Bráðabirgðavottorðin, sem um getur í 2. og 3. mgr., falla úr gildi eigi síðar en 4. júlí 2011.

2. Fyrirtæki með vottorð, sem gefin eru út samkvæmt gildandi vottunarkerfum fyrir starfsemi sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu teljast handhafar bráðabirgðavottorðs. Aðildarríkin skulu tilgreina þær staðfestingar sem teljast bráðabirgðavottorð fyrir starfsemina sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og sem vottorðshafa er heimilt að annast.

3. Aðili, sem aðildarríkið tilnefnir, gefur út bráðabirgðavottorð til fyrirtækja þar sem starfsmenn sinna starfsemi þar sem vottunar er krafist skv. 2. mgr. 2. gr.

Á bráðabirgðavottorðinu skal koma fram hvaða starfsemi vottorðshafanum er heimilt að annast og lokadagur gildistíma.

10. gr.

Vottunaraðili

1. Í landslögum eða -reglum skal kveðið á um vottunaraðila, eða hann skal tilnefndur af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, og skal hann hafa leyfi til að gefa út vottorð handa starfsmönnum eða félögum sem tengjast einni eða fleiri tegundum starfseminnar sem um getur í 2. gr.

Vottunaraðilinn skal vera óháður og óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Vottunaraðilinn skal setja og nota verklagsreglur um útgáfu, ógildingu og afturköllun vottorða.

3. Vottunaraðilinn skal halda skrár svo unnt sé að sannreyna stöðu vottaðs einstaklings eða fyrirtækis. Skrárnar skulu sýna fram á að vottunarferlið hafi farið fram á skilvirkan hátt. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

11. gr.

Matsaðili

1. Matsaðili, sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, skal skipuleggja próf fyrir starfsmennina sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Vottunaraðili, sem um getur í 10. gr., getur einnig talist viðurkenndur matsaðili. Matsaðilinn skal vera óháður og óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Próf skulu skipulögð og gerð þannig að tryggt sé að þau taki til lágmarksfærinnar og -þekkingarinnar sem sett er fram í viðaukanum.

3. Matsaðilinn skal samþykkja verklagsreglur um skýrslugjöf og halda skrár svo að unnt sé að skjalfesta einstakar niðurstöður og heildarniðurstöður matsins.

4. Matsaðilinn skal tryggja að prófendur, sem falið er að sjá um próf, hafi nægilega þekkingu á viðkomandi prófunar- aðferðum og prófunarskjölum, auk viðeigandi þekkingar á því sviði sem prófað er úr. Hann skal einnig sjá til þess að nauðsynlegur búnaður, tæki og efni séu tiltæk fyrir verklegu prófin.

12. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 4. júlí 2008 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þá fyrirtælan sína að koma á bráðabirgðavottunarkerfi skv. 6. gr. eða 9. gr. eða báðum greinum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2008.

2. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, ef við á, um tilnefnda aðila sem er heimilt að gefa út bráðabirgðavottorð og um samþykkt ákvæði landslaga sem kveða á um hvaða skjöl, gefin út samkvæmt gildandi vottunarkerfum, teljist bráðabirgðavottorð.

3. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 308/2008, um heiti vottunaraðila fyrir starfsmenn og fyrirtæki, sem 10. gr. nær yfir, ásamt samskiptaupplýsingum um vottunaraðilana og um titla vottorða fyrir starfsmenn sem uppfylla kröfurnar í 5. gr. og fyrirtæki sem uppfylla kröfurnar í 8. gr.

4. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 3. mgr., með nýjum upplýsingum, sem máli skipta, og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

13. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Gagnkvæm viðurkenning á vottorðum, sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, skal einungis ná til vottorða sem eru gefin út í samræmi við 5. gr., að því er varðar starfsmenn, og 8. gr., að því er varðar fyrirtæki.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafar vottorða, sem gefin eru út í öðru aðildarríki, leggi fram þýðingu á vottorðinu á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar færni og þekkingu sem matsaðilarnir skulu prófa

1. Prófið í hverjum flokkanna, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., skal vera samsett úr:
 - a) bóklegu prófi með einni eða fleiri spurningum sem prófa færni eða þekkinguna og tilgreint er með (B) í flokkadálkunum,
 - b) verklegu prófi þar sem umsækjandinn leysir viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði sem tilgreint er með (V) í flokkadálkunum.
2. Prófið skal taka til sérhvers færni- og þekkingarhópanna 1, 2, 3, 4, 5 og 10.
3. Prófið skal taka til a.m.k. eins af færni- og þekkingarhópunum 6, 7, 8 og 9. Próftakinn skal ekki hafa vitneskju um það fyrir prófið úr hverjum þessara fjögurra þátta verður prófað.
4. Ef einn reitur í flokkadálkunum svarar til margra reita (margs konar færni og þekkingar) í færni- og þekkingardálkunum merkir það að ekki þarf nauðsynlega að prófa alla færni og þekkingu í prófinu.

		FLOKKAR			
		I	II	III	IV
FÆRNI OG ÞEKING					
1	Grunnatriði varmafræði				
1.01	Kunna skil á grunneiningum ISO-staðlanna að því er varðar hitastig, þrýsting, massa, þéttleika og orku.	B	B	—	B
1.02	Skilja grunnhugtök kælikerfa: grunnatriði varmafræði (lykilhugtök, breytur og ferli s.s. yfirhitun, háþrýstihlið, þjöppunarvarma, vermi, kæliafköst, lágþrýstihlið, undirkælingu), eiginleika og varmafræðilegar ummyndanir kælimiðla, þ.m.t. að sanngreina missuðublöndur (sundureimnar blöndur, e. zeotropic blends) og mismunandi vökvaástand.	B	B	—	—
1.03	Nota viðeigandi töflur og skýringarmyndir og túlka þær í samhengi við eftirlit með óbeinum leka (m.a. eftirlit með því að kerfið starfi rétt): log ph/h-skýringarmynd, metunartöflur kælimiðils, skýringarmynd þar sem kæliferli með eins þreps þjöppun er sýnt.	B	B	—	—
1.04	Lýsa starfsemi aðalhluta kerfisins (þjöppu, eimi, eimsvala, hitastýrðum þenslulokum) og varmafræðilegum ummyndunum kælimiðilsins.		B	—	—
1.05	Þekkja grunnstarfsemi eftirfarandi íhluta sem notaðir eru í kælikerfi, auk hlutverks þeirra og mikilvægis fyrir varnir gegn leka kælimiðilsins og greiningu á lekanum: a) loka (kúluloka, þindarloka, keiluloka, öryggisloka), b) hita- og þrýstistýringar, c) sjónglerja og rakamæla, d) afsingarstýringar, e) kerfisvarnarbúnaðar, f) mælitékja, s.s. hitamælir fyrir soggrein, g) olíustýrikerfis, h) móttökubúnaðar, i) vökva- og olíuskilja	B	—	—	—
2	Umhverfisáhrif kælimiðla og samsvarandi umhverfisreglugerðir				
2.01	Búa yfir grunnþekkingu á loftslagsbreytingum og Kýótóbókuninni	B	B	B	B
2.02	Búa yfir grunnþekkingu á hugtakinu hnatthlúnunarmáttur, notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem eru notuð sem kælimiðlar, áhrifum losunar á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á loftslagið (í stærðarþrepum miðað við hnatthlúnunarmátt þeirra) og viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006 og viðeigandi reglugerðum sem hrinda í framkvæmd ákvæðum þessarar reglugerðar.	B	B	B	B

FÆRNI OG ÞEKING		FLOKKAR			
		I	II	III	IV
3	Eftirlit áður en rekstur hefst, eftir langvarandi notkunarleysi, eftir viðhalds- eða viðgerðarvinnu eða meðan rekstur fer fram				
3.01	Kanna styrk kerfisins með þrýstiprófun	V	V	—	—
3.02	Kanna þéttleika kerfisins með þrýstiprófun				
3.03	Nota lofttæmidælu				
3.04	Tæma kerfið til að fjarlægja loft og raka samkvæmt viðteknum venjum				
3.05	Færa dagsetningar í skrána yfir búnað og fylla út skýrslu um prófanir og eftirlit, í eitt skipti eða fleiri, sem fram fóru meðan á prófinu stóð.	B	B	—	—
4	Lekaeftirlit				
4.01	Gera sér grein fyrir á hvaða stöðum leki er líklegur í kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði	B	B	—	B
4.02	Athuga skrár yfir búnað áður en leitað er að leka og ganga úr skugga um hvaða upplýsingar skipta máli varðandi hvers kyns ítrekuð atvik eða vandamálasvæði sem þarfnast sérstakrar athygli	B	B	—	B
4.03	Framkvæma sjónræna og handvirka skoðun á öllu kerfinu í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾	V	V	—	V
4.04	Annast eftirlit með leka í kerfinu með óbeinni aðferð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 og notendahandbókina fyrir kerfið.	V	V	—	V
4.05	Nota færanlegan mælingarbúnað, s.s. þrýstingsmælasamstæður, hitamæla og fjölmæla sem mæla volt/ampere/ohm þegar um óbeinar aðferðir við lekaeftirlit er að ræða, og túlka þættina sem mældir voru.	V	V	—	V
4.06	Annast eftirlit með leka í kerfinu með því að nota eina af beinu aðferðunum sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007	V	—	—	—
4.07	Annast eftirlit með leka í kerfinu með því að nota eina af beinu aðferðunum, sem fela ekki í sér rof á kælirásunum, sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007	—	V	—	V
4.08	Nota rafrænan lekaleitarbúnað	V	V	—	V
4.09	Færa upplýsingarnar í skrána um búnað	B	B	—	B
5	Umhverfisvæn meðhöndlun kerfisins og kælimiðilsins meðan á uppsetningu, viðhaldi, þjónustu eða endurheimt stendur				
5.01	Tengja og aftengja mæla og leiðslur þannig að losun verði sem minnst	V	V	—	—
5.02	Tæma og fylla hylki með kælimiðli bæði í fljótandi formi og gufuformi	V	V	V	—
5.03	Nota endurheimtarsamstæðu til að endurheimta kælimiðil og tengja og aftengja endurheimtarsamstæðu þannig að losun verði sem minnst	V	V	V	—
5.04	Tappa olíu, sem er menguð af flúoruðum gösum, af kerfi	V	V	V	—
5.05	Greina form kælimiðilsins (vökvi, gufa) og skilyrði (undirkældur, mettaður eða yfirhitaður) fyrir áfyllingu til að tryggja að aðferðin og magnið séu rétt. Fylla kerfið af kælimiðli (jafnt í formi vökva og gufu) án þess að neitt af kælimiðlinum tapist	V	V	—	—

		FLOKKAR			
		I	II	III	IV
FÆRNI OG ÞEKING					
5.06	Nota vog til að vigta kælmiðilinn	V	V	V	—
5.07	Færa inn allar viðeigandi upplýsingar varðandi endurheimta eða viðbætta kælmiðilinn í skrána yfir búnað	B	B	—	—
5.08	Kunna skil á kröfum og verklagsreglum vegna meðhöndlunar, geymslu og flutninga á menguðum kælmiðli og olíum.	B	B	B	—
6	Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald tvívirkra þjappa, skrúfu- og spíralþjappa, eins eða tveggja þrepa				
6.01	Útskýra grunnstarfsemi þjöppu (m.a. stjórnun á afköstum og smurkerfi) og þá áhættu sem er á kælmiðilsleka eða losun í tengslum við hann.	B	B	—	—
6.02	Setja upp þjöppu á réttan hátt, m.a. stjórn- og öryggistæki, þannig að hvorki eigi sér stað leki né meiri háttar losun þegar kerfið er ræst	V	—	—	—
6.03	Stilla öryggis- og stjórnrofana	V	—	—	—
6.04	Stilla sog- og frástreymislokana				
6.05	Hafa eftirlit með endurstreymiskerfinu fyrir olíu				
6.06	Ræsa og slökkva á þjöppu og hafa eftirlit með því að þjappan starfi rétt, m.a. með mælingum á meðan þjappan vinnur	V	—	—	—
6.07	Skrifa skýrslu um ástand þjöppunnar þar sem tilgreind eru hvers kyns vandamál í starfsemi hennar sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka eða losunar á kælmiðli, sé ekkert að gert	B	—	—	—
7	Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald loftkældra og vatnskældra eimsvala				
7.01	Útskýra grunnstarfsemi eimsvala og lekaáhættu í tengslum við hann	B	B	—	—
7.02	Stilla stjórnæki fyrir tæmingarþrýsting eimsvalans	V	—	—	—
7.03	Setja upp eimsvala á réttan hátt, m.a. stjórn- og öryggisbúnað, svo að hvorki eigi sér stað leki né meiri háttar losun þegar kerfið hefur verið ræst	V	—	—	—
7.04	Stilla öryggis- og stjórnrofa	V	—	—	—
7.05	Hafa eftirlit með tæmingar- og vökvaleiðslum				
7.06	Fjarlægja lofttegundir, sem ekki þéttast, úr eimsvalanum með búnaði til að hreinsa kælikerfi	V	—	—	—
7.07	Ræsa og slökkva á eimsvala og hafa eftirlit með því að hann starfi rétt, m.a. með mælingum meðan á vinnslu stendur	V	—	—	—
7.08	Kanna yfirborð eimsvalans	V	—	—	—
7.09	Skrifa skýrslu um ástand eimsvalans þar sem tilgreind eru hvers kyns vandamál í starfsemi hans sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka eða losunar á kælmiðli, sé ekkert að gert	B	—	—	—
8	Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald loftkældra og vatnskældra eima				
8.01	Útskýra grunnstarfsemi eimis (m.a. afisingarkerfis) og lekaáhættu í tengslum við hann	B	B	—	—

		FLOKKAR			
		I	II	III	IV
FÆRNI OG ÞEKING					
8.02	Stilla stjórnæki fyrir uppgufunarþrýsting eimisins	V	—	—	—
8.03	Setja upp eimi, m.a. stjórn- og öryggisbúnað, þannig að hvorki verði um að ræða leka né meiri háttar losun þegar kerfið hefur verið ræst	V	—	—	—
8.04	Stilla öryggis- og stjórnrofa	V	—	—	—
8.05	Hafa eftirlit með vökva- og sogleiðslum í rétttri stöðu				
8.06	Hafa eftirlit með leiðslunni fyrir afsingu með heitum lofttegundum				
8.07	Stilla stjórnloka fyrir uppgufunarþrýsting				
8.08	Ræsa og slökkva á eimi og hafa eftirlit með því að hann starfi rétt, m.a. með mælingum meðan á vinnslu stendur	V	—	—	—
8.09	Kanna yfirborð eimisins	V	—	—	—
8.10	Skrifa skýrslu um ástand eimisins þar sem tilgreind eru hvers konar vandamál í starfsemi sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka á kælimiðli eða til losunar, sé ekkert að gert	B	—	—	—
9	Þáttur: uppsetning, ræsing og viðhald hitastýrðra þensuloka og annarra íhluta				
9.01	Útskýra grunnstarfsemi ýmissa tegunda þenslustilla (hitastýrðra þensuloka, hárpípna) og lekaáætlu í tengslum við þá	B	B	—	—
9.02	Setja upp loka í rétttri stöðu	V	—	—	—
9.03	Stilla vélknúna/rafeindaknúna hitastýrðra þensuloka	V	—	—	—
9.04	Stilla vélræna og rafræna hitastilla				
9.05	Stilla þrýstistýrðan loka				
9.06	Stilla vél- og rafknúna þrýstingstakmarkara				
9.07	Hafa eftirlit með starfsemi olíuskilju	V	—	—	—
9.08	Hafa eftirlit með ástandi þurksíu				
9.09	Skrifa skýrslu um ástand þessara íhluta þar sem tilgreind eru hvers konar vandamál í starfsemi sem kunna að skaða kerfið og að lokum leiða til leka á kælimiðli eða til losunar, sé ekkert að gert	B	—	—	—
10	Lagnir: lagning lekaþétt lagnakerfis í kælistöð				
10.01	Sjóða saman, brasa og/eða lóða lekaþétt tengi á málmpípum og -rörum sem unnt er að nota í kæli-, loftræsti- eða varmadælukerfum	V	V	—	—
10.02	Búa til festingar fyrir rör og aðra íhluti og/eða hafa eftirlit með þeim	V	V	—	—

(¹) Stjótið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 304/2008**

frá 2. apríl 2008

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar staðbundin brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

legt aðlögunartímabil og skal vottunin þá byggjast á gildandi hæfismatskerfi og starfsreynslu.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006 er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um hæfi starfsmanna sem annast starfsemi, sem hugsanlega hefur áhrif á leka frá kerfum sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, á stöðum þar sem slík kerfi eru notuð.
- 2) Starfsmönnum, sem enn hafa ekki fengið vottun en eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð, skal á tilteknu tímabili leyft að annast starfsemi þar sem slíkrar vottunar er þörf, séu þeir undir eftirliti starfsmanna með tilskilin réttindi, til að öðlast þá verklegu færni sem krafist er vegna prófsins.
- 3) Í nokkrum aðildarríkjum eru enn engin hæfismats- eða vottunarkerfi. Starfsmönnum og fyrirtækjum skal því gefinn tiltekinn tími til að afla sér tilskilinna vottorða.
- 4) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslulegri byrði skal vera leyfilegt að búa til vottunarkerfi sem byggist á gildandi hæfismatskerfum svo fremi þekkingin og færnin, sem fjallað er um, og viðeigandi hæfismatskerfi séu jafngild lágmarksstöðlunum sem stefnt er að með þessari reglugerð.
- 5) Próf er árangursrík aðferð til að kanna færni þátttakanda til að framkvæma á viðeigandi hátt þær aðgerðir sem geta beinlínis valdið leka, auk þeirra sem óbeint geta valdið honum.
- 6) Til að starfsmenn, sem eru virkir á þeim sviðum sem þessi reglugerð nær yfir, eigi kost á menntun og vottun án þess að störf þeirra raskist er gerð krafa um nægjan-

- 7) Opinberlega tilnefndir mats- og vottunaraðilar skulu tryggja að lágmarkskröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar og stuðla þannig að áhrifarkri og skilvirkri, gagnkvæmri viðurkenningu vottorða í Bandalaginu.
- 8) Gagnkvæm viðurkenning gildir ekki um bráðabirgðavottorð þar eð kröfurnar, sem gerðar eru vegna þeirra, kunna að vera umtalsvert vægari en gildandi kröfur í sumum aðildarríkjanna.
- 9) Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um vottunarkerfið sem stuðst er við þegar vottorð, sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu, eru gefin út á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um snið fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ⁽²⁾. Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um bráðabirgðavottunarkerfi.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. (EB) 2037/2000 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.***Viðfangsefni**

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um vottunina, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, að því er varðar staðbundin brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28.⁽²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjtið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um starfsmenn sem annast eftirfarandi störf í tengslum við brunavarnarkerfi:

- a) lekaeftirlit með búnaði sem inniheldur þrjú kílógrömm eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum,
- b) endurheimt, einnig að því er varðar slökkvitæki,
- c) uppsetningu,
- d) viðhald eða þjónustu.

2. Hún gildir einnig um fyrirtæki sem annast eftirfarandi starfsemi í tengslum við brunavarnarkerfi:

- a) uppsetningu,
- b) viðhald eða þjónustu.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um neina framleiðslu eða viðgerðir sem eiga sér stað á stöðvum framleiðandans á hylkjum eða tengdum íhlutum staðbundinna brunavarnarkerfa sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „uppsetning“: það að tengja í fyrsta skipti, á staðnum þar sem þau verða notuð, eitt eða fleiri hylki sem innihalda eða eru hönnuð til að innihalda slökkviefni sem er flúoruð gróðurhúsalofttegund með tengdum íhlutum, að undanskildum þeim íhlutum sem hafa ekki áhrif á afmörkun slökkviefnisins áður en það er losað í því skyni að slökkva eld.

2. „viðhald eða þjónusta“: öll starfsemi sem felur í sér vinnu við hylki sem innihalda eða eru hönnuð til að innihalda slökkviefni sem er flúoruð gróðurhúsalofttegund eða vinnu við tengda íhluti, að undanskildum þeim íhlutum sem hafa ekki áhrif á afmörkun slökkviefnisins áður en það er losað í því skyni að slökkva eld.

4. gr.

Vottun starfsfólks

1. Starfsmenn sem annast störfin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu hafa vottorð eins og um getur í 5. eða 6. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í eitt ár hið mesta fyrir starfsmenn sem annast eina tegund þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., og eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð sem nær yfir viðkomandi starfsemi, svo fremi þeir annast starfsemina undir eftirliti aðila sem hefur vottorð er nær yfir þessa starfsemi.

3. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki á tímabili fyrir þann dag sem er tilgreindur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 fyrir starfsmenn, sem annast eina eða fleiri tegundir starfseminnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar fyrir þann dag sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006.

Á tímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal líta svo á að þeir starfsmenn hafi tilskilin réttindi að því er varðar þá tegund starfsemi í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006.

5. gr.

Starfsmannavottorð

1. Vottunaraðili, sem um getur í 10. gr., skal gefa út vottorð til starfsmanna sem hafa staðist bóklegt og verklegt próf og skal prófið hafa verið skipulagt af matsaðila, sem um getur í 11. gr., og ná yfir lágmarksfærnina og -þekkinguna sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. Á vottorðinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn vottorðshafans, vottorðsnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,
- b) starfsemin sem vottorðshafinn hefur heimild til að annast,
- c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

3. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, nær yfir lágmarksfærnina og þekkinguna, sem sett er fram í viðaukanum, og uppfyllir kröfurnar í 10. og 11. gr. er tilheyrandi staðfesting inniheldur ekki þættina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar er vottunaraðila, sem um getur í 10. gr., heimilt að gefa út vottorð til aðila sem hefur til þess hæfi án þess að hann þurfi að endurtaka próf.

4. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, uppfyllir kröfurnar í 10. og 11. gr. og nær að hluta til yfir lágmarksfærnina, sem sett er fram í viðaukanum, er vottunaraðilum heimilt að gefa út vottorð, svo fremi umsækjandinn standist viðbótarpróf á vegum matsaðilans, sem um getur í 11. gr., í þeirri færni og þekkingu sem gildandi vottun nær ekki yfir.

6. gr.

Bráðabirgðavottorð til starfsmanna

1. Aðildarríkjunum er heimilt að nota bráðabirgðavottunarkerfi fyrir starfsmenn, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., í samræmi við 2. eða 3. mgr. eða 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Bráðabirgðavottorðin, sem um getur í 2. og 3. mgr., falla úr gildi eigi síðar en 4. júlí 2010.

2. Starfsmenn með staðfestingu, sem gefin er út samkvæmt gildandi hæfismatskerfum fyrir starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu teljast handhafar bráðabirgðavottorðs. Aðildarríkin skulu tilgreina þær staðfestingar sem teljast bráðabirgðavottorð fyrir starfsemina sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og sem handhafanum er heimilt að annast.

3. Aðili, sem aðildarríkið tilnefnir, skal gefa út bráðabirgðavottorð til starfsmanna með reynslu af störfunum, hafi þeir öðlast reynsluna fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Á bráðabirgðavottorðinu skulu störfin, sem það tekur til, og lokadagur gildistíma vera tilgreind.

7. gr.

Vottun fyrirtækja

1. Fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu hafa vottorð eins og um getur í 8. eða 9. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki á tímabili sem fer ekki fram yfir dagsetninguna, sem um getur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, fyrir fyrirtæki sem taka þátt í einni eða fleiri tegundum starfseminnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006.

8. gr.

Fyrirtækjavottorð

1. Vottunaraðili, sem um getur í 10. gr., skal gefa út vottorð til fyrirtækis vegna einnar eða fleiri tegunda þeirrar starfsemi sem um getur í 2. mgr. 2. gr., uppfylli það eftirfarandi kröfur:

- a) nægilega margir starfsmenn hafa verið vottaðir í samræmi við 5. gr., að því er varðar starfsemina þar sem vottunar er krafist, til að þeir geti annast starfsemina í því umfangi sem vænst er,

- b) unnt er að sannreyna að starfsmenn, sem sinna starfsemi þar sem vottunar er krafist, hafi aðgang að nauðsynlegum búnaði og verklagsreglum.

2. Á vottorðinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn vottorðshafans, vottorðsnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,
- b) starfsemin sem vottorðshafinn hefur heimild til að sinna,
- c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

9. gr.

Bráðabirgðavottorð til fyrirtækja

1. Aðildarríkjunum er heimilt að nota bráðabirgðavottunarkerfi fyrir fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., í samræmi við 2. eða 3. mgr. eða 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Bráðabirgðavottorðin, sem um getur í 2. og 3. mgr., falla úr gildi eigi síðar en 4. júlí 2010.

2. Fyrirtæki með vottorð, sem gefin eru út samkvæmt gildandi vottunarkerfum fyrir starfsemi sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu teljast handhafar bráðabirgðavottorðs.

Aðildarríkin skulu tilgreina þær staðfestingar sem teljast bráðabirgðavottorð fyrir starfsemina sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og sem vottorðshafa er heimilt að annast.

3. Aðili, sem aðildarríkið tilnefnir, gefur út bráðabirgðavottorð til fyrirtækja þar sem starfsmenn sinna starfsemi þar sem vottorðs er krafist skv. 2. mgr. 2. gr.

Á bráðabirgðavottorðinu skal koma fram hvaða starfsemi vottorðshafanum er heimilt að annast og lokadagur gildistíma.

10. gr.

Vottunaraðili

1. Í landslögum eða -reglum skal kveðið á um vottunaraðila, eða hann tilnefndur af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, og skal hann hafa leyfi til að gefa út vottorð handa starfsmönnum eða félögum sem tengjast einni eða fleiri tegundum starfseminnar sem um getur í 2. gr.

Vottunaraðilinn skal vera óháður og óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Vottunaraðilinn skal setja og nota verklagsreglur um útgáfu, ógildingu og afturköllun vottorða.

3. Vottunaraðilinn skal halda skrár svo unnt sé að sannreyna stöðu vottaðs einstaklings eða fyrirtækis. Skrárnar skulu sýna fram á að vottunarferlið hafi farið fram á skilvirkan hátt. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

11. gr.

Matsaðili

1. Matsaðili, sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum skal skipuleggja próf fyrir starfsmennina sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Vottunaraðili, sem um getur í 10. gr., getur einnig talist viðurkenndur matsaðili. Matsaðilinn skal vera óháður og óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Próf skulu skipulögð og gerð þannig að tryggt sé að þau taki til lágmarksfærinnar og -þekkingarinnar sem sett er fram í viðaukanum.

3. Matsaðilinn skal samþykkja verklagsreglur um skýrslugjöf og halda skrár svo að unnt sé að skjalfesta einstakar niðurstöður og heildarniðurstöður matsins.

4. Matsaðilinn skal tryggja að prófendur, sem falið er að sjá um próf, hafi nægilega þekkingu á viðkomandi prófunaraðferðum og prófunarskjölum auk viðeigandi þekkingar á því sviði sem prófað er úr. Hann skal einnig sjá til þess að nauðsynlegur búnaður, tæki og efni séu tiltæk fyrir verklugu prófin.

12. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 4. júlí 2008 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að koma á bráðabirgðavottunarkerfi skv. 6. gr. eða 9. gr. eða báðum greinum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2008.

2. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, ef við á, um tilnefnda aðila sem er heimilt að gefa út bráðabirgðavottorð og um samþykkt ákvæði landslaga sem kveða á um hvaða skjöl, gefin út samkvæmt gildandi vottunarkerfum, teljist bráðabirgðavottorð.

3. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 308/2008, um heiti vottunaraðila fyrir starfsmenn og fyrirtæki, sem 10. gr. nær yfir, ásamt samskiptaupplýsingum um vottunaraðilana og um titla vottorða fyrir starfsmenn sem uppfylla kröfurnar í 5. gr. og fyrirtæki sem uppfylla kröfurnar í 8. gr.

4. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 3. mgr., með nýjum upplýsingum, sem máli skipta, og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

13. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Gagnkvæm viðurkenning á vottorðum, sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, skal einungis ná til vottorða sem eru gefin út í samræmi við 5. gr., að því er varðar starfsmenn, og 8. gr., að því er varðar fyrirtæki.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafar vottorða, sem gefin eru út í öðru aðildarríki, leggi fram þýðingu á vottorðinu á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar færni og þekkingu sem matsaðilarnir skulu prófa

Prófið, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 11. gr., skal vera samsett úr:

- a) bóklegu prófi með einni eða fleiri spurningum sem prófa færni eða þekkinguna og tilgreint er með (B) í dálkinum „Tegund prófs“;
- b) verklegu prófi þar sem umsækjandinn leysir viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði og tilgreint er með (V) í dálkinum „Tegund prófs“.

Lágmarksþekking og -færni		Tegund prófs
1.	Grunnþekking á þeim álitaeftum í umhverfismálum sem skipta máli (loftslagsbreytingum, Kyótóbókuninni, hnathlýnunarmætti flúoraðra gróðurhúsalofttegunda)	B
2.	Grunnþekking á viðeigandi tæknistöðlum	B
3.	Grunnþekking á viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006 og viðeigandi reglugerðum sem hrinda í framkvæmd ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006	B
4.	Góð þekking á mismunandi tegundum brunavarnarbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og er á markaði	B
5.	Góð þekking á mismunandi tegundum loka, vélbúnaði, öruggri meðhöndlun, vörnum gegn losun og leka	B
6.	Góð þekking á búnaði og tækjum sem eru nauðsynleg fyrir örugga meðhöndlun og vinnuáferðir	B
7.	Færni í að setja upp hylki í brunavarnarkerfi sem eru ætluð undir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	V
8.	Þekking á réttum aðferðum við að flytja þrýstihylki sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	B
9.	Færni í að athuga kerfisskrár áður en leitað er að leka og ganga úr skugga um hvaða upplýsingar skipta máli varðandi hvers kyns ítrekuð atvik eða vandamálasvæði sem gefa þarf gaum	B
10.	Færni í að framkvæma sjónrænt og handvirkt lekaeftirlit á kerfinu í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar staðbundin brunavarnarkerfi sem innihalda tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾	V
11.	Þekking á umhverfisvænum aðferðum við endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr brunavarnarkerfum og áfyllingu slíkra kerfa	B

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 4.

Fylgiskjal III.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 305/2008**

frá 2. apríl 2008

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006 er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um hæfi starfsmanna sem annast starfsemi í tengslum við búnað sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem geta hugsanlega valdið leka.
- 2) Starfsmönnum, sem enn hafa ekki fengið vottun en eru á þjálfunarnámsskeiði í því skyni að fá vottorð, skal á tilteknu tímabili leyft að annast starfsemi þar sem slíkrar vottunar er þörf, séu þeir undir eftirliti starfsmanna með tilskilin réttindi, til að öðlast þá verklegu færni sem krafist er vegna prófsins.
- 3) Í nokkrum aðildarríkjum eru enn engin hæfismats- eða vottunarkerfi. Starfsmönnum skal því gefinn tiltekinn tími til að afla sér tilskilinna vottorða.
- 4) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslulegri byrði skal vera leyfilegt að búa til vottunarkerfi sem byggist á gildandi hæfismatskerfum svo fremi þekkingin og færnin, sem fjallað er um, og viðeigandi hæfismatskerfi séu jafngild lágmarksstöðlunum sem stefnt er að með þessari reglugerð.
- 5) Aðila sem framleiða eða reka háspennurofbúnað má tilnefna sem mats- eða vottunaraðila, eða hvort tveggja, svo fremi þeir uppfylli viðeigandi kröfur.
- 6) Próf er árangursrík aðferð til að kanna hæfni þátttakanda til að framkvæma á viðeigandi hátt þær aðgerðir sem geta beinlínis valdið leka, auk þeirra sem óbeint geta valdið honum.

7) Opinberlega tilnefndir mats- og vottunaraðilar skulu tryggja að lágmarkskröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar og stuðla þannig að áhrifaríkri og skilvirkri, gagnkvæmri viðurkenningu vottorða í Bandalaginu.

8) Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um vottunarkerfið sem stuðst er við þegar vottorð, sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu, eru gefin út á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um snið fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ⁽²⁾.9) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um vottun starfsfólks, sem endurheimtir tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði, og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „háspennurofbúnaður“ rofar og samsetning þeirra með tilheyrandi búnaði sem lýtur að stjórn, mælingum, vörnum og stillingu ásamt samsetningum slíkra tækja og búnaðar með tilheyrandi samtengingum, fylgihlutum, umlykjum og stuðningsvirkjum sem ætluð eru til nota í tengslum við framleiðslu, flutning, dreifingu og umbreytingu raforku þar sem málspennan er meiri en 1000 V.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28.⁽²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjtið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

3. gr.

Vottun starfsfólks

1. Starfsmenn, sem annast starfsemina, sem um getur í 1. gr., skulu hafa vottorð eins og um getur í 4. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í eitt ár hið mesta fyrir starfsmenn sem eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð, svo fremi þeir annast starfsemina undir eftirliti aðila sem hefur vottorð.

3. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki á tímabili sem fer ekki fram yfir þann dag sem er tilgreindur í 4.-mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 fyrir starfsmenn, sem annast starfsemina sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar reglugerðar fyrir þann dag sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006.

Á tímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal líta svo á að þeir starfsmenn hafi tilskilin réttindi að því er varðar þá tegund starfsemi í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006.

4. gr.

Útgáfa vottorða til starfsmanna

1. Vottunaraðili, sem um getur í 5. gr., skal gefa út vottorð til starfsmanna sem hafa staðist bóklegt og verklegt próf og skal prófið hafa verið skipulagt af matsaðila, sem um getur í 6. gr., og ná yfir lágmarksfærni og þekkinguna sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. Á vottorðinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn vottorðshafans, vottorðsnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,

b) starfsemin sem vottorðshafinn hefur heimild til að annast,

c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

3. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, nær yfir lágmarksfærni og þekkinguna, sem sett er fram í viðaukanum, og uppfyllir kröfurnar í 5. og 6. gr. en tilheyrandi staðfesting inniheldur ekki þættina sem mælt er fyrir um í 2.-mgr. þessarar greinar er vottunaraðila, sem um getur í 5. gr., heimilt að gefa út vottorð til aðila sem hefur til þess hæfi án þess að hann þurfi að endurtaka próf.

4. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, uppfyllir kröfurnar í 5. og 6. gr. og nær að hluta til yfir lágmarksfærni, sem sett er fram í viðaukanum, er vottunaraðilum heimilt að gefa út vottorð, svo fremi umsækjandinn standist viðbótarpróf á vegum matsaðilans, sem um getur í 6. gr., í þeirri færni og þekkingu sem gildandi vottun nær ekki yfir.

5. gr.

Vottunaraðili

1. Í landslögum eða -reglum skal kveðið á um vottunaraðila, eða hann tilnefndur af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærnum aðilum, og skal hann hafa leyfi til að gefa út vottorð handa starfsmönnum sem tengjast starfseminni, sem um getur í 1. gr.

Vottunaraðilinn skal vera óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Vottunaraðilinn skal setja og nota verklagsreglur um útgáfu, ógildingu og afturköllun vottorða.

3. Vottunaraðilinn skal halda skrár svo unnt sé að sannreyna stöðu vottaðs einstaklings. Skrárnar skulu sýna fram á að vottunarferlið hafi farið fram á skilvirkan hátt. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

6. gr.

Matsaðili

1. Matsaðili, sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærnum aðilum, skal skipuleggja próf fyrir starfsmennina sem um getur í 1. gr. Vottunaraðili, sem um getur í 5. gr., getur einnig talist viðurkenndur matsaðili.

Matsaðilinn skal vera óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Próf skulu skipulögð og gerð þannig að tryggt sé að þau taki til lágmarksfærinnar og þekkingarinnar sem sett er fram í viðaukanum.

3. Matsaðilinn skal samþykka verklagsreglur um skýrslugjöf og halda skrár svo að unnt sé að skjalfesta einstakar niðurstöður og heildarniðurstöður matsins.

4. Matsaðilinn skal tryggja að prófendur sem falið er að sjá um próf hafi nægilega þekkingu á viðkomandi prófunar- aðferðum og prófunarskjölum auk viðeigandi þekkingar á því sviði sem prófað er úr. Hann skal einnig sjá til þess að nauðsynlegur búnaður, tæki og efni séu tiltæk fyrir verklegu prófin.

7. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 308/2008, um heiti vottunaraðila fyrir starfsmenn, sem 5. gr. nær yfir, ásamt samskiptaupplýsingum um vottunaraðilana og um titla vottorða fyrir starfsmenn sem uppfylla kröfurnar í 4. gr.

2. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 1. mgr., með nýjum upplýsingum, sem máli skipta, og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2008.

8. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Gagnkvæm viðurkenning á vottorðum, sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, gildir um vottorð sem eru gefin út í samræmi við 4. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafar vottorða, sem gefin eru út í öðru aðildarríki, leggi fram þýðingu á vottorðinu á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar færni og þekkingu sem matsaðilarnir skulu prófa

Prófið, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr., skal vera samsett úr:

- a) bóklegu prófi með einni eða fleiri spurningum sem prófa færni eða þekkinguna og tilgreint er með (B) í dálkinum „Tegund prófs“;
- b) verklegu prófi þar sem umsækjandinn leysir viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði og tilgreint er með (V) í dálkinum „Tegund prófs“.

Nr	Lágmarksþekking og -færni	Tegund prófs
1	Grunnþekking á þeim álitæfnum í umhverfismálum sem skipta máli (loftslagsbreytingum, Kýótóbókuninni, hnatthlúnunarmætti), viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006 og viðeigandi reglugerðum sem hrinda í framkvæmd ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006	B
2	Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar og umhverfiseiginleikar SF ₆	B
3	Notkun SF ₆ í rafbúnaði (einangrun, slokknun ljósþoga)	B
4	Gæði SF ₆ samkvæmt viðeigandi iðnaðarstöðlum ⁽¹⁾	B
5	Skilningur á hönnun raforkubúnaðar	B
6	Eftirlit með gæðum SF ₆	V
7	Endurheimt SF ₆ og SF ₆ -blandna og hreinsun SF ₆	V
8	Geymsla og flutningur á SF ₆	B
9	Notkun búnaðar til endurheimtar SF ₆	V
10	Notkun þéttra borkerfa, ef nauðsyn krefur	V
11	Endurnotkun SF ₆ og mismunandi endurnotkunarflokkar	B
12	Vinna í opnum hölfum með SF ₆	V
13	Hlutleysing aukaafurða SF ₆	B
14	Vöktun á SF ₆ og tilheyrandi gagnaskráningarskylda samkvæmt innlendra löggjöf, löggjöf Bandalagsins eða alþjóðasamningum	B

⁽¹⁾ Til dæmis IEC 60376 og IEC 60480.

Fylgiskjal IV.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 306/2008**

frá 2. apríl 2008

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006 er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um hæfi starfsmanna sem annast störf, í tengslum við búnað sem inniheldur tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sem getur hugsanlega valdið leka.
- 2) Starfsmönnum, sem enn hafa ekki fengið vottun en eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð, skal á tilteknu tímabili leyft að annast starfsemi þar sem slíkrar vottunar er þörf, séu þeir undir eftirliti starfsmanna með tilskilin réttindi, til að öðlast þá verklegu færni sem krafist er vegna prófsins.
- 3) Í nokkrum aðildarríkjum eru enn engin hæfismats- eða vottunarkerfi. Starfsmönnum skal því gefinn tiltekinn tími til að afla sér tilskilinna vottorða.
- 4) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslulegri byrði skal vera leyfilegt að búa til vottunarkerfi sem byggist á gildandi hæfismatskerfum svo fremi þekkingin og færnin, sem fjallað er um, og viðeigandi hæfismatskerfi séu jafngild lágmarksstöðlunum sem stefnt er að með þessari reglugerð.
- 5) Aðila sem framleiða eða reka búnað sem inniheldur leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, má tilnefna sem mats- eða vottunaraðila, eða hvort tveggja, svo fremi þeir uppfylli viðeigandi kröfur.
- 6) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslukostnaði skal aðildarríki, þar sem ekki eru notaðir neinin leysar sem í

eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eins og sakir standa, vera heimilt að taka ekki upp vottunarkerfið í heild sinni, svo fremi aðildarríkið geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að gefa út vottorð án óþarfra tafa ef þeirra er krafist í framtíðinni þannig að ekki skapist óþarfar hindranir sem takmarka aðgang að markaði.

- 7) Próf er árangursrík aðferð til að kanna færni þátttakanda í að framkvæma á viðeigandi hátt þær aðgerðir sem geta beinlínis valdið leka, auk þeirra sem óbeint geta valdið honum.
- 8) Opinberlega tilnefndir mats- og vottunaraðilar skulu tryggja að lágmarkskröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar og stuðla þannig að áhrifaríkri og skilvirkri, gagnkvæmri viðurkenningu vottorða í Bandalaginu.
- 9) Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um vottunarkerfið sem stuðst er við þegar vottorð, sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu, eru gefin út á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um snið fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ⁽²⁾.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.***Efni og gildissvið**

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr búnaði, og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum sem gefin eru út í samræmi við kröfurnar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28.⁽²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjtið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

2. gr.

Vottun starfsfólks

1. Starfsmenn sem annast starfsemina, sem um getur í 1. gr., skulu hafa vottorð eins og um getur í 3. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í eitt ár hið mesta fyrir starfsmenn sem eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá vottorð, svo fremi þeir annist starfsemina undir eftirliti aðila sem hefur vottorð.

3. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki á tímabili sem fer ekki fram yfir þann dag sem er tilgreindur í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 fyrir starfsmenn, sem annast starfsemina sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar reglugerðar fyrir þann dag sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Á tímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal líta svo á að þeir starfsmenn hafi tilskilin réttindi að því er varðar þá tegund starfsemi í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 842/2006.

3. gr.

Útgáfa vottorða til starfsmanna

1. Vottunaraðili, sem um getur í 4. gr., skal gefa út vottorð til starfsmanna sem hafa staðist bóklegt og verklegt próf og skal prófið hafa verið skipulagt af matsaðila, sem um getur í 5. gr., og ná yfir lágmarksfærni og -þekkinguna sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. Á vottorðinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) heiti vottunaraðilans, fullt nafn vottorðshafans, vottorðsnúmer og lokadagur gildistíma, ef við á,
- b) starfsemin sem vottorðshafinn hefur heimild til að annast,
- c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

3. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, nær yfir lágmarksfærni og þekkinguna sem sett er fram í viðaukanum og uppfyllir kröfurnar í 4. og 5. gr. en tilheyrandi staðfesting inniheldur ekki þættina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar er vottunaraðila, sem um getur í 4. gr., heimilt að gefa út vottorð til aðila sem hefur til þess hæfi án þess að hann þurfi að endurtaka próf.

4. Ef gildandi vottunarkerfi, sem byggist á prófi, uppfyllir kröfurnar í 4. og 5. gr. og nær að hluta til yfir lágmarksfærni sem sett er fram í viðaukanum er vottunaraðilum heimilt að gefa út vottorð, svo fremi umsækjandinn standist viðbótarpróf á vegum matsaðilans, sem um getur í 5. gr., í þeirri færni og þekkingu sem gildandi vottun nær ekki yfir.

4. gr.

Vottunaraðili

1. Í landslögum eða -reglum skal kveðið á um vottunaraðila, eða hann tilnefndur af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, og skal hann hafa leyfi til að gefa út vottorð handa starfsmönnum sem tengjast starfseminni sem um getur í 1. gr.

Vottunaraðilinn skal vera óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Vottunaraðilinn skal setja og nota verklagsreglur um útgáfu, ógildingu og afturköllun vottorða.

3. Vottunaraðilinn skal halda skrár svo unnt sé að sannreyna stöðu vottaðs einstaklings. Skrárnar skulu sýna fram á að vottunarferlið hafi farið fram á skilvirkan hátt. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

5. gr.

Matsaðili

1. Matsaðili, sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum þar til bærum aðilum, skal skipuleggja próf fyrir starfsmennina sem um getur í 1. gr.

Vottunaraðili, sem um getur í 4. gr., getur einnig talist viðurkenndur matsaðili. Matsaðilinn skal vera óhlutdrægur í störfum sínum.

2. Próf skulu skipulögð og gerð þannig að tryggt sé að þau taki til lágmarksfærinnar og -þekkingarinnar sem sett er fram í viðaukanum.

3. Matsaðilinn skal samþykkja verklagsreglur um skýrslugjöf og halda skrár svo að unnt sé að skjalfesta einstakar niðurstöður og heildarniðurstöður matsins.

4. Matsaðilinn skal tryggja að prófendur, sem falið er að sjá um próf, hafi nægilega þekkingu á viðkomandi prófunaraðferðum og prófunarskjölum auk viðeigandi þekkingar á því sviði sem prófað er úr. Hann skal einnig sjá til þess að nauðsynlegur búnaður, tæki og efni séu tiltæk fyrir verklegu prófin.

6. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 308/2008, um heiti vottunaraðila fyrir starfsmenn, sem 4. gr. nær yfir, ásamt samskiptaupplýsingum um vottunaraðilana og um titla vottorða fyrir starfsmenn sem uppfylla kröfurnar í 3. gr.

2. Ef leysar, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eru ekki notaðir í aðildarríkinu getur það ákveðið að tilnefna hvorki vottunar- né matsaðilann, sem um getur í 4. og 5. gr., eða hvorugan aðilann, fyrr en þörfin fyrir slíka vottun verður til staðar í framtíðinni. Þá skal aðildarríkið, sem um ræðir, kveða á um fyrirkomulagið í innlendra löggjöf í því skyni að tryggja útgáfu slíkra vottorða án óþarfa tafa ef slíkrar vottunar verður krafist í framtíðinni.

Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni fyrirætlanir sínar um að nýta sér þessa málsgrein og ráðstafanir til að uppfylla ákvæði hennar. Í því tilviki gildir 1. mgr. ekki.

3. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 1. gr. með nýjum upplýsingum, sem máli skipta og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

7. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Gagnkvæm viðurkenning á vottorðum, sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, gildir um vottorð sem eru gefin út í samræmi við 3. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafar vottorða, sem gefin eru út í öðru aðildarríki, leggi fram þýðingu á vottorðinu á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar færni og þekkingu sem matsaðilarnir skulu prófa

Prófið, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr., skal vera samsett úr:

- a) bóklegu prófi með einni eða fleiri spurningum sem prófa færni eða þekkinguna og tilgreint er með (B) í dálkinum „Tegund prófs“;
- b) verklegu prófi þar sem umsækjandinn leysir viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði og tilgreint er með (V) í dálkinum „Tegund prófs“.

Nr.	Lágmarksþekking og -færni	Tegund prófs
1.	Grunnþekking á þeim álitafnum í umhverfismálum, sem skipta máli (loftslagsbreytingum, Kyótóbókuninni, hnatthlynunarmætti), viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006 og viðeigandi reglugerðum sem hrinda í framkvæmd ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006	B
2.	Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar og umhverfiseiginleikar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru notaðar sem leysar	B
3.	Notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem leysa	B
4.	Endurheimt leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	V
5.	Geymsla og flutningur leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	B
6.	Notkun búnaðar til endurheimtar í tengslum við búnað sem inniheldur leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	V

Fylgiskjal V.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 307/2008**

frá 2. apríl 2008

um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á staðfestingum vegna þjálfunar starfsfólks að því er varðar loftræstikerfi í tilteknum vélknúnum ökutækjum sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2006/40/EB um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽²⁾ er kveðið á um skyldubundna innleiðingu loftræstikerfa með litlum hnatthlúnunarmætti í vélknúnum ökutækjum frá og með 2011. Í reglugerð (EB) nr. 842/2006 er þeirrar skammtímaráðstöfunar krafist að mælt sé fyrir um reglur um tilskilið hæfi starfsmanna sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr slíkum kerfum.
- 2) Starfsmönnum sem eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá staðfestingu vegna þjálfunar skal heimilt, á tilteknu tímabili, að annast störf sem þjálfunin nær yfir og þar sem krafist er staðfestingar vegna hennar, séu þeir undir eftirliti starfsmanna sem hafa slíkar staðfestingar.
- 3) Til að starfsmenn, sem eru virkir á þeim sviðum sem þessi reglugerð nær yfir, eigi kost á þjálfun og staðfestingu án þess að störf þeirra raskist er gerð krafa um nægjanlegt aðlögunartímabil og má telja að þeir starfsmenn sem fá þjálfun á því tímabili samkvæmt gildandi hæfismatskerfum eða hafa reynt af störfunum hafi tilskilið hæfi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 842/2006.
- 4) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslulegri byrði skal vera leyfilegt að viðurkenna gildandi hæfismatskerfi svo fremi þekkingin og færnin sem fjallað er um og viðeigandi hæfismatskerfi séu jafngild lágmarksstöðlunum sem stefnt er að með þessari reglugerð.

- 5) Opinberlega tilnefndir aðilar sem gefa út staðfestingar skulu tryggja að lágmarkskröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar og stuðla þannig að áhrifaríkri og skilvirkri gagnkvæmri viðurkenningu staðfestingu vegna þjálfunar í Bandalaginu.
- 6) Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um staðfestingarkerfið, sem stuðst er við þegar staðfestingar, sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu, eru gefnar út á sviðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um snið fyrir tilkynningar um menntun- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ⁽³⁾. Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um viðurkenningu, meðan á aðlögunartímabili stendur, á gildandi hæfismatskerfum eða starfsreynslu.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Viðfangsefni**

Með þessari reglugerð eru settar lágmarkskröfur um menntunaráætlanir fyrir starfsfólk, sem endurheimtir tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr loftræstibúnaði í vélknúnum ökutækjum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/40/EB, og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á staðfestingum vegna þjálfunar sem gefnar eru út í samræmi við kröfurnar.

*2. gr.***Þjálfun starfsfólks**

1. Einungis starfsfólk með staðfestingu vegna þjálfunar, sem um getur í 3. gr., skal teljast hafa tilskilið hæfi til að annast störfín sem um getur í 1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28.⁽²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjtið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í tólf mánuði hið mesta fyrir starfsmenn sem eru á þjálfunarnámskeiði í því skyni að fá staðfestingu vegna þjálfunar, svo fremi þeir annast starfsemina undir eftirliti aðila sem telst hafa tilskilið hæfi.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að 1. mgr. gildi ekki lengur en til og með 4. júlí 2010 um:

- a) starfsmenn með staðfestingu, sem er gefin út samkvæmt gildandi hæfismatskerfum, að því er varðar starfsemina sem um getur í 1. gr. og aðildarríkið viðurkennir sem slíkt, eða
- b) starfsmenn sem hafa öðlast reynslu af starfseminni, sem um getur í 1. gr., fyrir 4. júlí 2008.

Á tímabilinu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu þeir starfsmenn teljast hafa tilskilið hæfi til að annast starfsemina sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Útgáfa staðfestinga vegna þjálfunar til starfsmanna

1. Í landslögum eða -reglum skal kveðið á um aðila sem gefur út staðfestingar, eða hann tilnefndur af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis eða öðrum aðilum sem eru til þess bærir.

2. Aðilinn sem gefur út staðfestingar, sem um getur í 1. mgr., skal gefa út staðfestingar vegna þjálfunar til starfsmanna sem hafa lokið þjálfunarnámskeiði þar sem fjallað er um lágmarksfærnina og -þekkinguna sem sett er fram í viðaukanum.

3. Á staðfestingu vegna þjálfunar skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) heiti aðilans sem gefur út staðfestinguna, fullt nafn handhafa og skráningarnúmer,
- b) starfsemin sem handhafi staðfestingar vegna þjálfunar hefur heimild til að sinna,
- c) útgáfudagur og undirskrift útgefanda.

4. Ef gildandi þjálfunarnámskeið tekur til lágmarksfærinnar og -þekkingarinnar, sem um getur í viðaukanum, en tilheyrandi staðfesting nær ekki yfir þættina sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2008.

Þessarar greinar, er aðila, sem gefur út staðfestingar sem um getur í 1. mgr., heimilt að gefa út staðfestingar vegna þjálfunar til aðila sem hefur til þess hæfi án þess að hann þurfi að endurtaka námið.

4. gr.

Tilkynning

1. Eigi síðar en 4. júlí 2008 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að beita a- eða b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 2. gr. með því að tilgreina gildandi hæfismatskerfi eða skilyrði sem byggjast á starfsreynslu sem liggur til grundvallar því hvort starfsfólk teljist hafa tilskilið hæfi.

2. Eigi síðar en 4. janúar 2009 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, á sniðinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 308/2008, um heiti aðila sem gefa út staðfestingar fyrir starfsmenn, sem falla undir 1. mgr. 3. gr., ásamt samskiptaupplýsingum um aðilana sem gefa út staðfestingar og um titla staðfestinga vegna þjálfunar fyrir starfsmenn sem uppfylla kröfunar í 2. mgr. 3. gr. og viðaukanum.

3. Aðildarríkin skulu uppfæra tilkynninguna, sem lögð er fram skv. 2. gr., með nýjum upplýsingum sem máli skipta og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina án tafar.

5. gr.

Skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu

1. Aðildarríki skulu viðurkenna á gagnkvæman hátt staðfestingar vegna þjálfunar sem gefnar eru út í öðrum aðildarríkjum í samræmi við 3. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að handhafa staðfestinga vegna þjálfunar sem gefnar eru út í öðru aðildarríki leggi fram þýðingu á staðfestingunni á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Lágmarkskröfur að því er varðar færni og þekkingu sem menntunaráætlanirnar ná yfir

Þjálfunarnámskeiðið, sem um getur í 2. mgr.3. gr., skal fela í sér:

- a) bóklega einingu eins og tilgreint er með (B) í dálkinum „Tegund einingar“,
- b) verklaga einingu þar sem umsækjandinn leysir viðkomandi verkefni með viðeigandi efni, tækjum og búnaði eins og tilgreint er með (V) í dálkinum „Tegund einingar“.

Lágmarksþekking og -færni		Tegund einingar
1. Starfsemi loftræstikerfa, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, í vélknúnum ökutækjum, umhverfisáhrif kælimiðla með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og samsvarandi umhverfisreglugerðir		
1.1.	Grunnþekking á starfsemi loftræstikerfa í vélknúnum ökutækjum	B
1.2.	Grunnþekking á notkun og eiginleikum flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sem notaðar eru sem kælimiðlar í loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum, og á áhrifum losunar þessara lofttegunda á umhverfið (í stærðarþrepum miðað við hnatthlýnunarmátt þeirra í tengslum við loftslagsbreytingar)	B
1.3.	Grunnþekking á viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 842/2006 og tilskipunar 2006/40/EB	B
2. Umhverfisvæn endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda		
2.1.	Þekking á sameiginlegum verklagsreglum um endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda	B
2.2.	Meðhöndlun kælihyllis	V
2.3.	Tenging og aftenging endurheimtarsamstæðu við þjónustutengi loftræstikerfis sem er í vélknúnu ökutæki og inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	V
2.4.	Notkun endurheimtarsamstæðu	V

Fylgiskjal VI.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 308/2008**

frá 2. apríl 2008

um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á tilkynningareyðublaðinu skulu koma fram upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að staðfesta vottorð eða staðfestingu sem uppfyllir lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem framkvæmdastjórnin hefur sett í samræmi við reglugerð (EB) nr. 842/2006.

2) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu í tengslum við vottun fyrirtækja og starfsmanna. Í tengslum við þetta hefur framkvæmdastjórnin samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽²⁾; reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar staðbundin brunavarnarkerfi og slökkvitæki sem innihalda tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽³⁾; reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 frá 2. apríl 2008 um að

setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði ⁽⁴⁾; reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði ⁽⁵⁾; ásamt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. No 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á staðfestingum vegna hjálfunar fyrir starfsfólk að því er varðar loftræstikerfi í tilteknum vélknúnum ökutækjum sem innihalda tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽⁶⁾.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽⁷⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Fyrir tilkynningarnar, sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, skulu aðildarríkin nota eftirtalin eyðublað:

- að því er varðar staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað: tilkynningareyðublaðið sem tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð,
- að því er varðar staðbundin brunavarnarkerfi og slökkvitæki: tilkynningareyðublaðið sem tilgreint er í II. viðauka við þessa reglugerð,
- að því er varðar háspennurofbúnað: tilkynningareyðublaðið sem tilgreint er í III. viðauka við þessa reglugerð,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 92, 3.4.2008, bls. 17.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 92, bls. 21.⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 92, bls. 25.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/540/EB (Stjtið. ESB L 198, 31.7.2007, bls. 35).⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 92, 3.4.2008, bls. 3.⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 92, 3.4.2008, bls. 12.

4. að því er varðar búnað sem inniheldur leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir: tilkynningareyðublaðið sem tilgreint er í IV. viðauka við þessa reglugerð,
5. að því er varðar loftræstikerfi í vélknúnum ökutækjum: tilkynningareyðublaðið sem tilgreint er í V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

STAÐBUNDINN KÆLI-, LOFTRÆSTI- OG VARMADÆLUBÚNAÐUR

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI EÐA AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR FYRIRTÆKI OG STARFSFÓLK SEM STUNDAR STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 842/2006 UM TILTEKNAR FLÚRAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkyningaryfirvald	
c) Tilkyningardagur	

A-HLUTI

Starfsfólk

Eftirtalin vottunarkerfi fyrir **starfsfólk** sem annast uppsetningu, viðhald eða þjónustu eða eftirlit með leka í tengslum við staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða endurheimt þessara lofttegunda úr slíkum búnaði uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 5. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 303/2008 ⁽¹⁾.

Titill vottorðs	Vottunaraðili fyrir starfsfólk (heiti og samskiptaupplýsingar)

B-HLUTI

Fyrirtæki

Eftirtalin vottunarkerfi fyrir **fyrirtæki** sem annast uppsetningu, viðhald eða þjónustu í tengslum við staðbundinn kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, sem inniheldur tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 8. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 303/2008.

Titill vottorðs	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 3.

II. VIÐAUKI

STAÐBUNDIN BRUNAVARNARKERFI OG SLÖKKVITÆKI

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR FYRIRTÆKI OG STARFSFÓLK SEM STUNDAR STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 842/2006 UM TILTEKNAR FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkyrningaryfirvald	
c) Tilkyrningardagur	

A-HLUTI

Starfsfólk

Efirtalin vottunarkerfi fyrir **starfsfólk**, sem annast uppsetningu, viðhald, þjónustu eða efirlit með leka í tengslum við staðbundin brunavarnarkerfi sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða endurheimt þessara lofttegunda úr staðbundnum brunavarnarkerfum og slökkvitækjum, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 5. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 304/2008 ⁽¹⁾.

Titill vottorðs	Vottunaraðili fyrir starfsfólk (heiti og samskiptaupplýsingar)

B-HLUTI

Fyrirtæki

Efirtalin vottunarkerfi fyrir **fyrirtæki** sem annast uppsetningu, viðhald eða þjónustu í tengslum við staðbundin brunavarnarkerfi sem innihalda tilteknar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 8. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 304/2008.

Titill vottorðs	Vottunaraðili fyrir fyrirtæki (heiti og samskiptaupplýsingar)

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 12.

III. VIÐAUKI
HÁSPENNUROFBÚNAÐUR

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR
STARFSFÓLK SEM STUNDAR STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR.
842/2006 UM TILTEKNAR FLÚRAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkyningaryfirvald	
c) Tilkyningardagur	

Eftirtalin vottunarkerfi fyrir **starfsfólk** sem annast endurheimt tiltekinna, flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr háspennurofbúnaði uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 4. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 305/2008 ⁽¹⁾.

Titill vottorðs	Vottunaraðili fyrir starfsfólk (heiti og samskiptaupplýsingar)

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 17.

IV. VIÐAUKI

BÚNAÐUR SEM INNIHELDUR LEYSA SEM Í ERU FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDIR

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI MENNTUNAR- OG VOTTUNARKRÖFUR FYRIR
STARFSFÓLK SEM STUNÐAR STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR.
842/2006 UM TILTEKNAR FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkyningaryfirvald	
c) Tilkyningardagur	

Efirtalin vottunarkerfi fyrir **starfsfólk**, sem annast endurheimt tiltekinna leysa, sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði, uppfylla lágmarkskröfumar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 3. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 306/2008 ⁽¹⁾.

Titill vottorðs	Vottunaraðili fyrir starfsfólk (heiti og samskiptaupplýsingar)

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 17.

V. VIÐAUKI

LOFTRÆSTIKERFI Í VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM

TILKYNNING

UM AÐ AÐILDARRÍKIN FASTSETJI/AÐLAGI KRÖFUR UM MENNTUN OG HÆFI FYRIR STARFSFÓLK SEM STUNÐAR STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR 1. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 842/2006 UM TILTEKNAR FLÚRAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDIR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Aðildarríki	
b) Tilkyningaryfirvald	
c) Tilkyningardagur	

Efirtaldar menntunaráætlanir fyrir **starfsfólk**, sem annast endurheimt tiltekinna, flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum, uppfylla lágmarkskröfurnar og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr. og í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 307/2008 ⁽¹⁾.

Titill staðfestingar	Staðfestingaraðili fyrir starfsfólk (heiti og samskiptaupplýsingar)

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 25.